



Samþykktir

A handwritten signature in blue ink, located in the bottom right corner of the page. The signature is stylized and appears to be the initials "SF".

1. gr. Heiti félagsins, heimili og tilgangur.

- 1.1. Félagið er hlutafélag. Nafn þess er Ísfélag hf.
- 1.2. Heimili félagsins er að Tangagötu 1, 900 Vestmannaeyjum.
- 1.3. Tilgangur félagsins er útgerð, fiskvinnsla og önnur vinnsla sjávarafurða, önnur starfsemi á sviði sjávarútvegs og á skyldum sviðum, rannsóknarstarfsemi, útflutningur og innflutningur, þátttaka í rekstri annarra félaga, svo og fjárfestingar, lánstarfsemi og kaup, sala og rekstur fasteigna og tengd starfsemi.

2. gr. Hlutafé félagsins o.fl.

Hlutafé - hlutir

- 2.1. Hlutafé félagsins er kr. 818.612.313 - átta hundruð og átján milljónir sex hundruð og tólf þúsund þrjú hundruð og þrettán 00/100-, - sem skiptist í einnar krónu hluti, eða margfeldi þeirrar fjárhæðar, eftir því sem hver einstakur hluthafi á í félaginu á hverjum tíma.
- 2.2. Aðalfundur Ísfélags hf., haldinn 16. apríl 2026, samþykkir að veita stjórn félagsins heimild til að gefa út nýtt hlutafé í félaginu að nafnverði allt að kr. 81.861. Stjórn skal ákveða áskriftargengi nýrra hluta og skal vera heimilt að ráðstafa nýjum hlutum til nýrra hluthafa eða núverandi hluthafa án tillits til eignarhluta þeirra í félaginu á því gengi og með þeim skilyrðum sem stjórnin metur hagfelldust fyrir félagið á hverjum tíma enda sé áskriftarverð nýrra hluta eigi lægri en 10% undir skráðu meðalgengi hluta félagsins fjórum vikum áður en áskrift fer fram. Forgangsréttur hluthafa samkvæmt 3. mgr. 2. gr. samþykpta félagsins gildir ekki um hið nýja hlutafé og falla hluthafar því frá forgangsrétti sínum að hlutafjárukningunni í samræmi við ákvæði 3. mgr. 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Nýútgefnir hlutir skulu vera í sama flokki og með sömu réttindi og aðrir hlutir í félaginu. Nýútgefnir hlutir veita réttindi frá skráningardegi hlutafjárhækkunar. Heimild stjórnar samkvæmt ákvæði þessu gildir fram að aðalfundi félagsins árið 2027.

Hækkun og lækkun hlutafjár - forgangsréttur

- 2.3. Samþykki hluthafafundar þarf til hækkunar hlutafjár og þarf til sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum. Verði hlutafé félagsins hækkað skulu hluthafar hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við skráða hlutafjáreign sína eins og kveðið er á um í lögum á hverjum tíma.
- 2.4. Nýir hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá skrásetningardegi hlutafjárhækkunarinnar, enda sé ekki annað ákveðið í samþykkt hluthafafundar um hækkunina.
- 2.5. Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutafjár og þarf til þess sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum.

Rafræn útgáfa hlutabréfa - hlutaskrá

- 2.6. Hlutabréf félagsins eru gefin út með rafrænum hætti og færð í hlutaskrá samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerninga.
- 2.7. Færsla í hlutaskrá á grundvelli eignaskráningar hlutabréfs í verðbréfamiðstöð samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/2020 jafngildir skilríki fyrir eignarrétti að hlutabréfinu. Tilkynningar sendast til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hluta í verðbréfamiðstöð. Arður greiðist til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hluta í verðbréfamiðstöð.
- 2.8. Hlutaskrá félagsins skal vera aðgengileg á skrifstofu félagsins og hafa allir hluthafar aðgang að henni og mega kynna sér efni hennar.

Sala og eigendaskipti

- 2.9. Engar hömlur eru lagðar á sölu og veðsetningu eða önnur viðskipti með hlut í félaginu milli íslenskra aðila. Um takmarkanir á kaupum erlendra aðila á hlutum í félaginu fer eftir lögum nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.
- 2.10. Um eigendaskipti og framkvæmd þeirra fer eftir lögum nr. 7/2020 og reglna sem settar eru á grundvelli þeirra laga.

Réttindi og skyldur hluthafa

- 2.11. Hver hluthafi er skyldur til, án nokkurrar sérstakrar yfirlýsingar frá hans hálfu, að hlíta samþykktum félagsins, eins og þær eru nú, eða kann síðar að verða breytt á lögmætan hátt. Hluthafar bera enga ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hluti sína í því. Enginn hluthafi er skyldur til að þola innlausn á hlutum sínum, nema lög standi til annars. Ákvæðum þessarar greinar verður ekki breytt nema með samþykki allra hluthafa.
- 2.12. Engin sérréttindi fylgja neinum hlutum í félaginu.
- 2.13. Félaginu er hvorki heimilt að veita hluthöfum, stjórnarmönnum, forstjóra eða framkvæmdastjórum félagsins lán, né setja tryggingu fyrir þá. Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til venjulegra viðskiptalána eða kaupa starfsmanna félagsins eða tengds félags á hlutum í félaginu eða kaup á hlutum í félaginu fyrir slíka aðila svo sem lög og starfskjara- og kaupréttaráætlanir félagsins heimila.

Rafræn samskipti við hluthafa

- 2.14. Heimil er notkun rafrænna skjalasamskipta og rafpósts í samskiptum milli félagsins og hluthafa í stað þess að senda eða leggja fram skjöl rituð á pappír. Nær heimildin til hvers kyns samskipta milli félagsins og hluthafa svo sem um boðun hluthafafunda, greiðslu arðs eða annarra tilkynninga sem félagsstjórn ákveður að senda skuli hluthöfum. Eru slík rafræn

samskipti jafngild samskiptum á pappír. Sé heimildin nýtt skal félagsstjórn setja reglur um framkvæmd rafrænna samskipta og þær kröfur sem gerðar eru til hugbúnaðar sem skal vera hluthöfum aðgengilegur.

3. gr. Hluthafafundir.

- 3.1. Æðsta vald í málefnum félagsins, innan þeirra takmarka sem samþykktir þess og lög setja, er í höndum lögmætra hluthafafunda.

Réttur til þátttöku

- 3.2. Rétt til setu á hluthafafundum hafa hluthafar, umboðsmenn hluthafa, endurskoðendur félagsins og forstjóri, auk annarra stjórnenda skv. nánari ákvörðun stjórnar hverju sinni. Hluthöfum er heimilt að sækja fund ásamt ráðgjafa. Ráðgjafi hefur hvorki tillögurétt, málfrelsi né atkvæðisrétt. Þá getur stjórnin boðið sérfræðingum setu á einstökum fundum, ef leita þarf álits þeirra og aðstoðar.

Umboð

- 3.3. Sæki umboðsmaður hluthafafund fyrir hönd hluthafa skal hann leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð og skal það dagsett. Umboð gildir aldrei lengur en eitt ár frá dagsetningu þess og má afturkalla það hvenær sem er.

Rafræn þátttaka og rafrænar hluthafafundir

- 3.4. Stjórn er heimilt að ákveða að hluthafar geti tekið þátt í fundarstörfum hluthafafunda með rafrænum hætti án þess að vera á fundarstað. Telji stjórn að tiltækur sé nægilega öruggur búnaður til að gefa hluthöfum kost á að taka þátt í fundarstörfum með rafrænum hætti án þess að vera á fundarstað og ákveði stjórn að nýta þessa heimild skal þess sérstaklega getið í fundarboði. Hluthafar sem hyggjast nýta sér rafræna þátttöku skulu tilkynna skrifstofu félagsins þar um með fimm daga fyrirvara og leggja þar fram skriflegar spurningar varðandi dagskrá eða framlögð skjöl sem þeir óska svara við á fundinum.
- 3.5. Stjórn er heimilt að ákveða að hluthafafundur verði aðeins haldinn rafrænt.
- 3.6. Telji stjórn gerlegt að halda fundinn að hluta eða að öllu leyti rafrænt með viðeigandi búnaði og gefa hluthöfum þannig kost á þátttöku í fundarstörfum og atkvæðagreiðslu skulu í fundarboði koma fram upplýsingar um tæknibúnað auk upplýsinga um það hvernig hluthafar tilkynni þátttöku sína og hvar þeir nálgist leiðbeiningar um fjarskiptabúnað, aðgangsorð til þátttöku í fundinum og aðrar upplýsingar. Jafngildir innslegið aðgangsorð í tölvuforrit undirskrift viðkomandi hluthafa og telst viðurkenning á þátttöku hans í hluthafafundinum.

Atkvæðagreiðsla utan fundar

- 3.7. Ef stjórn telur ekki framkvæmanlegt að gefa hluthöfum kost á þátttöku í hluthafafundi rafrænt skal hluthöfum gefinn kostur á að greiða atkvæði um tillögur eða taka þátt í kosningum bréflaga eða rafrænt. Setur stjórn reglur um framkvæmd slíkrar kosningar og skal geta í fundarboði hvernig slík atkvæðagreiðsla verði framkvæmd með skýrum og nákvæmum hætti.

Lögmæti hluthafafundar

- 3.8. Hluthafafundur er lögmætur án tillits til fundarsóknar ef hann er löglega boðaður.

Staðsetning hluthafafundar

- 3.9. Heimilt er að halda hluthafafund annars staðar en á heimili félagsins.

Boðun hluthafafunda

- 3.10. Hluthafafundi skal boða með þriggja vikna fyrirvara hið minnsta en lengst fjögurra vikna fyrirvara.
- 3.11. Félagsstjórn skal boða til hluthafafunda þegar hún telur þess þörf, svo og samkvæmt fundarályktun. Einnig skal félagsstjórn annast boðun hluthafafundar innan 14 daga frá því að krafa um það berst með sannanlegum hætti, ef kjörnir endurskoðendur eða hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/20 hlutafjárins, krefjast þess skriflega og tilgreina fundarefni. Um efni fundarboðs fer eftir 88. gr. c laga nr. 2/1995, um hlutafélög.
- 3.12. Ef taka á til meðferðar á hluthafafundi tillögu til breytinga á samþykktum félags skal greina frá meginefni tillögunnar í fundarboði.
- 3.13. Til hluthafafundar skal boða með rafrænum hætti þannig að tryggður sé skjóttur aðgangur að fundarboðinu á jafnréttisgrundvelli. Notaðir skulu traustir miðlar sem tryggja virka útbreiðslu upplýsinga til almennings. Jafnframt skal boðað til hluthafafunda með auglýsingu í innlendum fjölmiðlum.
- 3.14. Veita skal hluthöfum aðgang að skjölum og upplýsingum á vef félagsins í samfelld 21 dag fyrir hluthafafund.

Aðalfundur

- 3.15. Aðalfund skal halda eigi sjaldnar en einu sinni á ári og aldrei síðar en innan 6 mánaða frá lokum hvers reikningsárs. Aðalfund skal boða með sama hætti og aðra hluthafafundi.
- 3.16. Á dagskrá aðalfundar skal taka þessi mál til afgreiðslu:
- a) Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess sl. starfsár.

- b) Staðfesting ársreiknings félagsins fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda. Tekin skal ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
 - c) Tillögur stjórnar um starfskjarastefnu.
 - d) Kosning stjórnar
 - e) Kosning endurskoðanda
 - f) Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
 - g) Umræður og atkvæðagreiðsla um önnur mál, sem upp hafa verið borin löglega.
- 3.17. Ef hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/3 hlutafjárins, krefjast þess skriflega á aðalfundi skal fresta ákvörðunum um málefni þau, sem greinir í lið b) framhaldsaðalfundar sem haldinn skal í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi tveimur mánuðum síðar. Frekari frests er ekki unnt að krefjast.

Tillögur frá hluthöfum

- 3.18. Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á hluthafafundi, ef hann gerir um það skriflega eða rafræna kröfu til félagsstjórnar með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins. Ef um aðalfund er að ræða skal kröfu fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun til félagsstjórnar eigi síðar en viku fyrir boðun aðalfundar. Kröfuna má gera síðar en þó í síðasta lagi tíu dögum fyrir aðalfundinn. Stjórnin skal a.m.k. þremur dögum fyrir aðalfundinn upplýsa hlutahafa með öruggum hætti um kröfuna og eftir atvikum tillöguna, svo og eftir atvikum endurskoðaða dagskrá aðalfundarins, t.d. á vef félagsins.

Dagskrá

- 3.19. Viku fyrir hluthafafund hið skemmsta (tveimur vikum fyrir aðalfund) skal dagskrá, endanlegar tillögur, svo og ársreikningur, í móðurfélagi einnig samstæðureikningur, skýrsla stjórnar og skýrsla endurskoðanda eða skoðunarmanna auk tillagna félagsstjórnar um starfskjarastefnu, sé um aðalfund að ræða, lögð fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins auk vefsíðu og samtímis send sérhverjum skráðum hluthafa sem þess óskar.

Mál sem ekki eru á dagskrá

- 3.20. Mál, sem hafa ekki verið greind í dagskrá hluthafafundar, er ekki unnt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum nema með samþykki allra hluthafa félagsins en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir félagsstjórn. Boða má til aukafundar til að fjalla um málið, auk þess sem aðalfundur getur ávallt afgreitt mál sem skylt er að taka þar til meðferðar samkvæmt lögum eða félagssamþykktum.

Fundarstjóri

- 3.21. Hluthafafundi stýrir fundarstjóri sem fundurinn kýs úr hópi hluthafa eða umboðsmanna þeirra eða lögfróðra manna, sem stjórnin stingur upp á. Formaður félagsstjórnar eða annar fulltrúi, sem stjórnin tilnefnir í hans stað setur fundinn og stjórnar kjöri fundarstjóra.
- 3.22. Fundarstjóri tilnefnir fundarrita með samþykki fundarins. Fundarstjóri sker úr öllu, er snertir lögmæti fundarins, samkvæmt ákvæðum félagssamþykktanna, meðferð mála á fundum, form umræðnanna og atkvæðagreiðslu. Þó skal skrifleg atkvæðagreiðsla fara fram, ef einhver fundarmanna krefst þess.

Fundargerðabók

- 3.23. Fundarritari skal halda fundargerðabók. Í fundargerðabók skal skrá ákvarðanir hluthafafundar ásamt úrslitum atkvæðagreiðslna. Skrá yfir viðstadda hluthafa og umboðsmenn skal færð í fundargerðabók eða fylgja henni. Ef ósk kemur fram um það skal fundargerð lesin upphátt fyrir fundarlok og athugasemdir skráðar, ef fram koma. Fundarstjóri getur einnig óskað eftir heimild hluthafafundar til fundarritara og fundarstjóra að ganga frá fundargerð. Fundarstjóri og fundarritari skulu undirrita fundargerðabók.
- 3.24. Hluthafar skulu hafa aðgang að fundargerðabók eða staðfestu endurriti fundargerða á vefsíðu félagsins eða skrifstofu þess innan fjórtán daga eftir hluthafafund. Fundargerðabók skal varðveitt með tryggilegum hætti.

Atkvæðavægi

- 3.25. Eitt atkvæði fylgir hverjum hlut í félaginu.
- 3.26. Á hluthafafundi ræður afl atkvæða úrslitum, nema öðruvísi sé fyrir mælt í lögum eða samþykktum þessum. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum. Nú verða atkvæði jöfn við kosningar í félaginu og ræður þá hlutkesti úrslitum.
- 3.27. Aldrei má nota atkvæði þau, sem fylgja hlutum, er félagið kynni að eiga sjálft og skulu þau talin frá við ákvörðun atkvæðamagns í félaginu.

4. gr. Stjórn félagsins.

- 4.1. Stjórn félagsins skal skipuð allt að 7 mönnum er skulu kosnir á aðalfundi ár hvert til eins árs í senn. Um hæfi þeirra fer að lögum.

Kynjahlutföll

- 4.2. Við stjórnarkjör skal tryggt að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40%. Náist ekki viðunandi lögbundin kynjahlutföll í stjórnarkjöri skal sá einstaklingur eða þeir einstaklingar sem eru af því kyni sem hærra hlutfall er af í stjórnarkjörinu víkja fyrir þeim einstaklingi eða einstaklingum sem eru af því kyni sem lægra hlutfall er af í stjórnarkjörinu. Skal við ákvörðun

um hvaða einstaklingur eða einstaklingar taki sæti í stjórn í stað þeirra, sem víkja þurfa vegna kynferðis, taka mið af atkvæðamagni í stjórnarkjörinu. Hafi ekki nægilega margir af því kyni boðið sig fram til stjórnar skal starfandi stjórn félagsins boða til nýs hluthafafundar þar sem fullnægjandi framboð beggja kynja skal tryggt.

Framboð

- 4.3. Þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti fimm sólarhringum fyrir upphaf hluthafa- eða aðalfundar þar sem stjórnarkjör fer fram. Þeir einir eru kjörgengir sem þannig hafa gefið kost á sér.
- 4.4. Í tilkynningu um framboð til stjórnar skal gefa, auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfangs, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjäreign í félaginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu. Um ágallia á framboðstilkynningu fer samkvæmt lögum.
- 4.5. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar skulu lagðar fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafa – eða aðalfund.

Framkvæmd stjórnarkjörs

- 4.6. Stjórnarkjör fer fram sem meirihlutakosning milli einstaklinga. Stjórnarkjör skal jafnan vera skriflegt, ef tillögur koma fram um fleiri menn en kjósa skal.
- 4.7. Ef hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/10 hlutafjárins, krefjast þess skal beita hlutfallskosningu eða margfeldiskosningu við kjör stjórnarmanna félagsins. Krafa um þetta skal hafa borist stjórn félagsins með sannanlegum hætti minnst fimm dögum fyrir hluthafafund.
- 4.8. Nú koma fram kröfur frá fleiri en einum hluthafahóp og krafist er bæði hlutfalls- og margfeldiskosningar og skal þá beita margfeldiskosningu.

Verkaskipting stjórnar

- 4.9. Stjórnin kýs sér formann og varaformann úr sínum hópi en að öðru leyti skiptir hún með sér verkum.

Boðun stjórnarfunda

- 4.10. Formaður boðar til stjórnarfunda og stýrir þeim. Skal hann sjá til þess að allir stjórnarmenn séu boðaðir. Stjórnarfundi skal halda hvenær sem hann telur þess þörf eða einhver stjórnarmanna eða forstjóri krefst þess.

Lögmæti stjórnarfundu

- 4.11. Stjórnarfundur er ákvörðunarbær þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á því að fjalla um málið sé þess kostur.

Atkvæðagreiðslur

- 4.12. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

Fundargerðabók stjórnar

- 4.13. Um það sem gerist á stjórnarfundum skal haldin fundargerðabók sem undirrituð skal af þeim er fund sitja. Stjórnarmaður eða forstjóri, sem ekki eru sammála ákvörðun stjórnar, eiga rétt á að fá sérálit sitt skráð í fundargerðabókina. Heimilt er að halda fundargerðabók með rafrænum hætti.

Hlutverk og skyldur

- 4.14. Stjórnin fer með æðsta vald í málefnum félagsins á milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja aðila. Hún skal annast um og hafa eftirlit með að skipulag félags og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi.
- 4.15. Stjórnin skal annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins.
- 4.16. Stjórnin ræður forstjóra og ákveður starfskjör hans. Ef ákveðið er að aðstoðarforstjóri sé ráðinn skal stjórnin afmarka skýra verkaskiptingu þeirra á milli. Stjórn veitir prókúruumboð fyrir félagið.
- 4.17. Undirskriftir meirihluta stjórnarmanna þarf til að skuldbinda félagið, þ.á.m. til lántöku, veðsetningu og sölu verulegra eigna félagsins.
- 4.18. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveða á um framkvæmd starfa hennar.

5. gr. Forstjóri.

- 5.1. Forstjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana, sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Slíkar ráðstafanir getur forstjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá félagsstjórn, nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana félagsstjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi félagsins. Í slíkum tilvikum skal félagsstjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.
- 5.2. Forstjóri sér m.a. um að reikningsskil félagsins séu færð í samræmi við lög, ráðningu starfsfólks og eftirlit með eignum félagsins. Stjórn félagsins getur sett forstjóra nánari starfsreglur.

- 5.3. Forstjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðanda allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

6. gr. Reikningshald og endurskoðun.

- 6.1. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Ársreikningurinn skal endurskoðaður af endurskoðanda félagsins.
- 6.2. Á aðalfundi skal kjósa til eins árs í senn endurskoðanda og skal hæfi endurskoðanda vera í samræmi við lög og reglur þar að lútandi. Er endurskoðanda heimill aðgangur að öllum bókum félagsins og skjölum.
- 6.3. Ársreikningar skulu samdir fyrir hvert reikningsár og skulu þeir hafa að geyma ársskýrslu, rekstrarreikning og efnahagsreikning og uppsetningu þeirra hagað í samræmi við lög og góðar reikningsskilavenjur.

7. gr. Eigin hlutir.

- 7.1. Félaginu er heimilt að eiga eigið hlutafé allt að 10%. Atkvæðisréttur fylgir ekki hlutum sem félagið á sjálf. Hluti getur félagið aðeins eignast samkvæmt heimild hluthafafundar til handa félagsstjórn. Slíka heimild má ákveða með einföldum meirihluta atkvæða hluthafafundar. Heimild til kaupa á eigin hlutafé má ekki vera til lengri tíma en átján mánaða hverju sinni.
- 7.2. Séu hlutir félagsins teknir til viðskipta á skipulögðum markaði er þó ekki heimilt að kaupa eigin hluti á hærra verði en nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirleggjandi óháða kauptilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem er hærra. Slík kaup eru þó heimil ef þau eru gerð af viðskiptavaka eða vegna endurkaupaáætlaða eða verðjöfnunar í skilningi viðeigandi laga og reglna þar um.

8. gr. Breyting á samþykktum.

- 8.1. Samþykktum félagsins má breyta á löglega boðuðum hluthafafundum félagsins, enda sé þess getið í fundarboði, að slíkar breytingar séu fyrirhugaðar og í hverju þær felist í meginatriðum. Breytingin þarf að hljóta samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða svo og samþykki hluthafa, sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár, sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum.
- 8.2. Í þeim tilvikum, sem fjallað er um í 2. mgr. 80. gr. a og 3. mgr. 80. gr. b, laga nr. 2/1995, um hlutafélög er það einnig skilyrði fyrir breytingum félagssamþykktum að hluthafar, sem ráða yfir 1/4 hlutafjárins, greiði ekki atkvæði gegn ákvörðuninni.
- 8.3. Samþykki allra hluthafa þarf til þess að ráða til lykta málefnum þeim, er greinir í 1. mgr. 94. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995. Ákvörðun um breytingu á félagssamþykktum, sem raskar réttarsambandinu milli hluthafa, er því aðeins gild, að þeir hluthafar, sem sæta eiga réttarskerðingu, séu henni samþykkir.

9. gr. Slit á félaginu, skipti og samrunar.

- 9.1. Með tillögur um slit og skipti á félaginu skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum. Þarf atkvæði hluthafa sem ráða minnst 2/3 hlutum af heildarhlutafé félagsins til að ákvörðun um slit sé gild. Hið sama á við um hvers konar samruna eða sameiningu félagsins við önnur félög og um sölu á öllum eignum þess. Hluthafafundur, sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit eða skipti félagsins, skal einnig ákveða ráðstöfun eigna og greiðslu skulda.

10. gr. Önnur ákvæði.

- 10.1. Þar sem ákvæði samþykkt þessa segja ekki til um hvernig með skuli farið, skal hlíta ákvæðum laga nr. 2/1995, um hlutafélög, og öðrum lagaákvæðum sem við geta átt, sbr. m.a. lög um rafræna eignarskráningu verðbréfa, nr. 131/1997, lög um ársreikninga, nr. 3/2006, og verði hlutir félagsins teknir viðskipta á skipulögðum markaði, lög nr. 60/2021, um aðgerðir gegn markaðssvikum og lög nr. 108/2007, um yfirtökur, sem og viðeigandi reglur og reglugerðir settar á grundvelli framangreindra laga.
- 10.2. Stjórn félagsins er heimilt að fela forstjóra félagsins og prókúruhafa að undirrita samþykktir þessar og síðari breytingar með rafrænum hætti í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.
- 10.3. Með samþykktum þessum eru numdar úr gildi „Samþykktir Ísfélags hf.“ upphaflega frá árinu 1977, með síðari breytingum.
- 10.4. Þannig samþykkt á hluthafafundi 28. september 2023 og breytt á aðalfundi 16. apríl 2026.



Stefán Friðriksson, forstjóri